

# Málefнасamningur

Bæjarfulltrúar E lista 3.Framboðsins og D lista Sjálfstæðisflokksins gera með sér samkomulag um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Sveitarfélaginu Hornafirði á kjörtímabilinu 2014 – 2018.

Meginmarkmið þessarar bæjarstjórnar verður að viðhalda og efla grunnþjónustu við íbúa sveitarfélagsins ásamt því að styrkja möguleika sveitarfélagsins til að eflast og stækka. Aukið gegnsæi og íbúalýðræði verður eitt af leiðarljósum í starfi bæjarstjórnar. Leitast skal við að hafa gott samstarf milli allra bæjarfulltrúa óháð flokki og tryggja að sjónarmið allra komi að borðinu áður en ákvörðun er tekin. Málefнасamningur þessi byggir á grunni stefnuskráa sem E og D listar lögðu fram fyrir kosningarnar 2014.

Fulltrúar D og E listans eru sammála um að :

Forseti bæjarstjórnar verður frá D lista  
1 varaforseti verður frá E lista  
2 varaforseti verður frá B lista  
Formaður bæjarráðs verður frá E lista  
Varaformaður bæjarráðs verður frá D lista

Björn Ingi Jónsson verður ráðinn bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Meirihlutinn er sammála um að breyta nefndarfyrirkomulagi til að auka skilvirkni og gildi málefna í nefndum sveitarfélagsins, hafist verður handa við að breyta samþykktum sveitarfélagsins til að þetta sé mögulegt.

E listinn fer með formennsku og D listinn varaformennsku í :

Skólanefnd  
Félagsmálanefnd  
Menningarnefnd  
Umhverfisnefnd  
Atvinnumálanefnd

D listinn fer með formennsku og E listinn varaformennsku í :

Íþróttá og tómsundarnefnd  
Skipulagsnefnd  
Hafnarstjórn  
Stjórn Heilbrigðisstofnunar HSSA  
Almannavarnarnefnd

Á meðan verður unnið eftir gildandi samþykktum um nefndarskipan :

Skóla íþróttá og tómsundarnefnd formaður E listi varaformaður D listi  
Umhverfis og skipulagsnefnd formaður D listi varaformaður E listi  
Menningar og atvinnunefnd formaður E listi varaformaður E listi

RAM  
1357

Helstu verkefni kjörtímabilsins 2014 – 2018 verða að :

- Lögð verði áhersla á aðgengi íbúa að upplýsingum og öðru því sem snýr að rekstri bæjarins. Meðal annars með endurbótum heimasíðu sveitarfélagsins og markvissari fréttaflokkningi. Opin umræða, heiðarleiki og traust verði okkar einkunnarorð. Bæjarfulltrúar eru sammála um að ástunda heiðarlega og opna stjórnslu og virða innkaupareglur sveitarfélagsins.
- Leikskólar verði áfram reknir af fagmennsku og metnaði. Skoðanakönnun verði framkvæmd sem fyrst um umgjörð leikskólanna. Í framhaldinu verði umgjörð leikskólanna aðlöguð að niðurstöðum þeirrar könnunar. Sveigjanleiki á opnunartímum aukinn.
- Hækka systkinaafslátt í 100%.
- Halda áfram vinnu við nýja menntastefnu í sátt við samfélagið með það að markmiði að bæta árangur nemenda.
- Endurskoða útfærslur á tómskundakortinu með það að markmiði að auka þátttöku barna og unglinga ásamt því að koma til móts við barnmargar fjölskyldur.
- Uppbygging á leik- og grænum svæðum í þeim tilgangi að auka lífsgæði allra.
- Endurskoðuð verð atvinnustefna sveitarfélagsins í ljósi aukinna umsvifa ferðapjónustunnar. Huga þarf sérstaklega að sambúð íbúa og ferðamanna ásamt sérstöðu einstakra svæða.
- Áfram verði unnið að gerð deiliskipulags í þéttbýli og dreifbýli þar sem unnið verður samkvæmt reglum og reglugerðum.
- Ýta undir framboð á húsnæðismarkaði jafnt í dreifbýli sem þéttbýli með eða án aðkomu sveitarfélagsins.
- Hugað verði að framboði á atvinnulóðum með tilliti til uppbyggingar nýrra atvinnutækifæra.
- Lokið verði við byggingu tengibyggingar milli sundlaugar og íþróttahús á kjörtímabilinu jafnframt verður gerð þarfagreining á íþróttamannvirkjum með tilliti til heildrænnar stefnu í íþrótt og tómskundamálum.
- Lokið verði við endurbætur á Sindrabæ.
- Undirbúningsvinnu verði lokið og framkvæmdir hefjist við fráveitukerfi á kjörtímabilinu.
- Áfram verði unnið að þróun í sorpmálum sveitarfélagsins með það að markmiði að auka endurvinnslu en frekar, minnka sorp og minnka kostnað.
- Vinnu við gerð hjóla- og göngustíga verði haldið áfram.
- Framtíðarsýn fyrir Miklagarð verði unnin og kostnaðarmetin áður en ráðist verði í framkvæmdir.
- Mynda skýra stefnu í list og verkgreinum með Vöruhúsið og Heppuna sem þungamiðju.
- Standa vörð um þau störf sem skapast hafa með tilkomu Nýheima í samfélagið og stuðla að en meiri fjölgun þeirra.

Framboðin eru sammála um að beita öllum ráðum til að þrýsta á stjórnvöld um fjármagn til að hefja framkvæmdir við þau brýnu verkefni sem lengi hafa verið í biðstöðu. Þar má fyrst og fremst nefna nýjan veg yfir Hornafjarðarfljót og viðbyggingu við hjúkrunarheimili. Viðurkenning á Hornafjarðarflugvelli sem millilandaflugvelli fyrir ferjuflug og minni leiguflugvélar, vegabætur í Lóni og gögn undir Lónsheiði ásamt fækkun einbreiðra brúa eru brýn hagsmunamál.




Björn Ingi Jónsson



Þórhildur Ásta Magnúsdóttir



Lovísa Rósa Bjarnadóttir



Sæmundur Helgason




Páll Róbert Matthíasson



Ragnheiður Hrafnkelsdóttir



Óðinn Eymundsson



Ottó M Gunnarsson